Alþingi
Erindi nr. Þ 121/107
komudagur 14/3 1997

BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR
BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 563 2340 • MYNDSENDIR 562 3219

SÍMBRÉF

Til:	**Umhverfisnefndar Alþingis**	*Frá:*	**Borgarskipulagi Reykjavíkur**
Berist til:	**Ólafs Arnar Haraldssonar formanns Umhverfisnefndar**	*Tengill:*	**Margrét Þormar**
Efni:	**Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga**	*Staða:*	**f.h. arkitekta á Borgarskipulagi**
Dags.:	**13.3.97**		
Fax nr.	**563 0610**	*Fax nr.:*	**562 3219**
Bls. alls:	**2**	*Sími:*	**563 2340**

Í framhaldi af fundi fulltrúa Umhverfisnefndar Alþingis með Arkitektafélagi Íslands á Kornhlöðuloftunu þann 11. mars s.l. vilja arkitektar á Borgarskipulagi koma á framfæri athugasemd við 7. grein frumvarps til skipulags- og byggingarlaga.

F.h. arkitekta á Borgarskipulagi,

Margrét Þormar

Reykjavík 13.mars 1997

Ólafur Örn Haraldsson
formaður Umhverfisnefndar Alþingis
150 Reykjavík
Fax 563 0610

Vegna frumvarps til skipulags- og byggingarlaga.

Í framhaldi af fundi Arkitektafélags Íslands með fulltrúum Umhverfisnefndar Alþingis 11. mars 1997 á Komhlöðuloftinu, viljum við, arkitektar hjá Borgarskipulagi Reykjavíkur, koma á framfæri ítrekun á athugasemdum við grein 7 í frumvarpinu.

Borgarskipulag hefur sent ábendingar vegna frumvarpsins, dags. 19.3.1996 og er þar m.a. lögð til breyting á 7. gr. 4. mgr. þar sem orðalag er talið of afdráttarlaust og lagt er til að við málsgreinina verði bætt: " nema að fengnu leyfi framkvæmdastjóra nefndarinnar".

Með nýjum lögum verður arkitektum sem starfa hjá Borgarskipulagi og Byggingarfulltrúa ekki lengur heimilað að leggja fram uppdrætti til samþykktar í byggingarnefnd Reykjavíkur. Réttindi okkar verða því skert verulega.

Þótt arkitektar hjá Borgarskipulagi stundi ekki mikla hönnunarvinnu utan vinnutíma, er nauðsynlegt fyrir þá að hafa "jarðsamband", þ.e. að fást við að hanna byggingar og umhverfi þeirra. Stór hluti af vinnu okkar er m.a. að yfirfara teikningar og leiðbeina öðrum hönnuðum sem leggja fram uppdrætti til samþykktar. Einnig er mikill hluti vinnu okkar fólginn í að undirbúa mál fyrir nefndir.

Mikilvægt er fyrir okkur að eiga þess kost að taka þátt í samkeppnum. Í sumum samkeppnum er skilyrði til þátttöku að viðkomandi hafi leyfi til að leggja teikningar fyrir byggingarnefnd. Þátttaka í samkeppni jafngildir endurmenntun, eykur hæfni og möguleika á fjölbreyttu starfi.

Bent skal á að samkvæmt frumvarpinu mega arkitektar búsettir í Reykjavík, sem starfa hjá Borgarskipulagi eða Byggingarfulltrúa ekki teikna sín eigin hús, né breytingar við þau. Arkitektar hjá Borgarskipulagi og Byggingarfulltrúa hafa ekki atkvæðisrétt á fundum nefndanna og auðvelt er að stjórna því að þeir taki ekki þátt í umfjöllun um eigin mál.

Okkur þykir óviðunandi að réttindi okkar og menntun og sú fjárfesting sem í henni felst sé skert með þeim hætti sem frumvarp um skipulags- og byggingarlög gerir ráð fyrir.

Með von um góðar viðtökur og þökkum fyrir góðan fund,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir
Björn Valgeirsson
Hafdís Hafliðadóttir
Helga Bragadóttir
Ólafur Brynjar Halldórsson
Margrét Þormar
Ragnhildur Ingólfsdóttir

Afrit sent:
Gísla Einarssyni varformanni umhverfisnefndar Alþingis
Árna Mathiesen, umhverfisnefnd Alþingis
Hrafni Hallgrímssyni, deildarstjóra Umhverfisráðuneytis